

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 243/2024

2025/EES/9/15

frá 25. október 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1780 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar skilyrðin sem gera stofnunum kleift að reikna KIRB í tengslum við undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfunarviðskiptum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azsr (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1728) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzs. **32024 R 1780**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1780 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar skilyrðin sem gera stofnunum kleift að reikna KIRB í tengslum við undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfunarviðskiptum (Stjtið. ESB L, 2024/1780, 25.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1780, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1780, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1780/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.